



Reykjavík 4. nóvember 2020

**Nefndasvið Alþingis við Austurvöll
Umhverfis- og samgöngunefnd**

Umsögn um: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um loftslagsmál, nr. 70/2012 (bindandi markmið).

Á 151. Löggjafarþingi 2020-2021.

Þingskjal 32 – 32. mál.

Sendandi: Votlendissjóður, Árleyni 22, 112 Reykjavík. votlendi@votlendi.is

Umsögn

Stjórn Votlendissjóðs telur ofangreint frumvarp jákvætt, einkum þau markmið sem þar eru sett fram um aukinn metnað í að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Það fer vel á því að Ísland verði í farabroddi meðal ríkja í aðgerðum í loftslagsmálum. Stjórn Votlendissjóðs vill benda á að hagkvæmasta og fljótverkasta leiðin til að minnka heildarlosun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi er að endurheimta framræst votlendi.

Á vegum Votlendissjóðs í rúmlega tveggja ára starfi sjóðsins hefur verið endurheimt um 181 ha af votlendi. En með því hefur Votlendissjóður tryggt heildar minnkun á losun 28.960 tonna af koldíoxíði fyrir umbjóðendur sína. Þá liggur fyrir að losun gróðurhúsalofttegunda einkum koldíoxíðs frá framræstu votlendi er af svipaðri stærðargráðu og öll önnur losun gróðurhúsalofttegunda í landinu. Þar sem töluvert af framræstu votlendi er í dag ekki nýtt til landbúnaðar blasir við að miklir möguleikar eiga að vera til árangurs að því markmiði sem þetta frumvarp miðar að á næsta áratug. Til að ná skjóttum árangri er hins vegar nauðsynlegt að auka fjármagn til aðgerða í þessum málaflokki. Hingað til hefur öll fjármögnun framkvæmda hjá Votlendissjóði komið frá fyrirtækjum og einstaklingum og vonandi tekst Votlendissjóði áfram að fjármagna sín verkefni með þeim hætti. Ríkissjóður Íslands hefur á hinn bóginn eignarhald á fjölmörgum jörðum þar sem endurheimt votlendis ætti að vera möguleg. Það væri við hæfi að fjármagn til þeirra framkvæmda kæmi úr ríkissjóði og stuðlaði þannig að betri árangri í að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

Stjórn Votlendissjóðs vill enn fremur vekja athygli því að ennþá er verið að ræsa fram votlendi meira og minna stjórnlaust víða um land sem veldur aukningu í losun gróðurhúsalofttegunda. Mikilvægt er að hafa betri stjórn á þessum aðgerðum og krefja framkvæmdaraðila um að endurheimta votlendi í stað þess sem framræst er.

Virðingarfyllst fh. Votlendissjóðs

Einar Bárðarson, frkst. Votlendissjóðs